

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 91/97  
frá 9. desember 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður  
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á  
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 78/97 frá 12. nóvember 1997<sup>(1)</sup>.

Fjórar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. (2017/96<sup>(2)</sup>, 2034/96<sup>(3)</sup>, 17/97<sup>(4)</sup>  
og 270/97<sup>(5)</sup>), allar um breytingu á viðaukum við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90  
þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa  
dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII.  
kafla II. viðauka við samninginn:

„- **396 R 2017**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2017/96 frá 22.  
október 1996 (Stjtið. EB nr. L 270, 23. 10. 1996, bls. 2),

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 270, 23. 10. 1996, bls. 2.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 272, 25. 10. 1996, bls. 2.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 5, 9. 1. 1997, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 45, 15. 2. 1997, bls. 8.

- **396 R 2034:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2034/96 frá 24. október 1996 (Stjtið. EB nr. L 272, 25. 10. 1996, bls. 2),
- **397 R 0017:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 17/97 frá 8. janúar 1997 (Stjtið. EB nr. L 5, 9. 1. 1997, bls. 12),
- **397 R 0270:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 270/97 frá 14. febrúar 1997 (Stjtið. EB nr. L 45, 15. 2. 1997, bls. 8).”.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2017/96, 2034/96, 17/97 og 270/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 9. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

E. Bull

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner